

Fundur - 3. nóvember 2005

Ár 2005 hinn 3. nóvember kom brunamála- og almannavarnanefnd saman til fundar á Reykhólum. Hófst fundurinn kl. 20:15. Mættir allir aðalmenn auk slökkviliðsstjóra er sat fundinn. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

- 1) Farið var yfir fundargerð síðasta fundar í nefndinni er haldinn var 22. nóvember 2004. Ýmis mál sem rædd voru þá hafa fengið framgang á árinu 2005. Búið er að koma upp fimm brunahönum í Reykhólaþorpi og einum niður í Karlsey. Enn er ekki búið að ganga formlega frá greiðslum til umsjónarmanna slökkvikertra. Gerð brunavarnaáætlunar er langt komin og verður tilbúin fyrir áramót. Búið er að bæta nokkrum slökkvigöllum við búnað slökkviliðsins og er nú svo komið að einungis vantar tvo galla.
- 2) Samvinna við slökkviliðið í Búðardal og möguleikar á styrkveitingum samkvæmt opinberum reglum þar um. Lagðar voru fram reglur Brunamálstofnunar um úthlutun tímabundins fjárstuðnings til sveitarfélaga sem sameinast um rekstur eldvarnaeftirlits og/eða slökkviliðs. Rætt um að halda fund með forsvarsmönnum Slökkviliðs Dalasýslu og kanna möguleika á viðtækara samstarfi en þegar er fyrir hendi. Sveitarstjóri falið að koma á fundi.
- 3) MS-Búðardal er búið að bjóða Slökkviliði Reykhólahrepps til kaups MAN-tankbifreið árgerð 1995 en fyrir liggur að Slökkvilið Reykhólahrepps vantar tankbíl. Nefndin leggur til að keyptur verði tankbíl fyrir slökkviliðið á árinu 2006. Ef af slíkum kaupum verður, þarf að huga að húsnæði fyrir slíkan bíl. Kanna þarf verð á öðrum bílum til samanburðar.
- 4) Tillögur framkvæmdanefndar um nýskipan lögreglumála frá október 2005, en þar er gert ráð fyrir að lögreglustjórn í Reykhólahreppi flytjist frá Patreksfirði til Borgarness. Í lögum um almannavarnir segir í 7.gr. að lögreglustjóri fari með stjórn almannavarna hver í sínu umdæmi og skuli þeir starfa með almannavarnanefndum sem sveitarstjórnir skipi. Þetta þýðir væntanlega það að lögreglustjórinn (sýslumaðurinn) í Borgarnesi tekur við stjórn almannavarna í Reykhólahreppi af lögreglustjóranum (sýslumanninum) á Patreksfirði, nái tillögur nefndarinnar fram að ganga. Lagðar fram til kynningar.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 22:25.

*Bjarki Stefán Jónsson (sign)*

*Ragnar Kr. Jóhannsson (sign)*

*Egill Sigurgeirsson (sign)*

*Leifur Samúelsson (sign)*

*Einar Örn Thorlacius (sign)*